

Priðjudaginn 9. marz 1948.

Nr. 131/1947. **Guðmundur Guðmundsson**

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Sigurði Helgasyni og gagnsök

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Víxilmál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. des. 1947, krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvor krafa hans, sem tekin verði til greina.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 15. des. 1947, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í hæstarétti.

Með því að fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að aðaláfrýjandi geti ekki komið að öðrum vörnum í máli þessu en þeim, er greinir í 208. gr. laga nr. 85/1936, verður ómerk-ingarkrafa hans ekki tekin til greina. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 1200.00 í málskostnað í hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi Guðmundur Guðmundsson greiði gagnáfrýjanda Sigurði Helgasyni kr. 1200.00 í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. október 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Sigurður stórkaupmaður Helgason, Bankastræti 7 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. febrúar s. l. og birtri sama

dag gegn Guðmundi kaupmanni Guðmundssyni, Vesturgötu 20 Hafnarfirði, til greiðslu vixils að fjárhæð kr. 40 000.00, nú að eftirstöðvum kr. 21648.00, útgefins 16. apríl 1945 af stefnanda og samþykkt að stefnda til greiðslu í Búnaðarbankanum hér í bæ 16. október 1945.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum eftirstöðvar vixilsins, kr. 21 648.00, með 6% ársvöxtum frá 16. október 1945 til greiðsludags, $\frac{3}{4}\%$ vixilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á vixli þeim, er að framan getur, sem hann hefur leyst til sín. Til frádráttar vixilfjárhæðinni lætur stefnandi koma kr. 18 352.00 vegna viðskipta aðiljanna, sem eigi eru nánar rakin í máli þessu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi á sínum tíma afhent stefnanda tvo vixla, hvorn að fjárhæð kr. 20 000.00, til framlangingar á hinum umstefnda vixli. Kveður hann stefnanda hafa veitt vixlum þessum viðtöku til greiðslu á vixli þeim, sem mál þetta er af risið, án þess að láta hann af hendi. Í máli, sem nú er rekið fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar, sækir stefnandi stefnda um greiðslu á öðrum hinna fyrrgreindu vixla, en hinn mun hann hafa selt eða látið af hendi. Samkvæmt framangreindu telur stefndi, að stefnandi eigi ekki kröfu á hendur honum til greiðslu hins umstefnda vixils. Stefndi hefur haldið því fram, að með greinargerð sinni hafi stefnandi tekið til andsvara í máli þessu á þann hátt, að það beri að meta sem samþykki hans á því, að varnir stefnda megi hafa uppi í málinu, þótt þeim ella yrði ekki komið að í vixilmáli.

Samkvæmt stefnu er mál þetta höfðað sem vixilmál, og eiga því ákvæði XVII. kafla laga nr. 85 frá 1936 við um rekstur þess. Andsvör stefnanda í greinargerð verða ekki metin sem samþykki hans á, að öðrum vörnum verði komið að í málinu en þeim, sem hafðar verða uppi í vixilmálum almennt, enda var því eindregið mótmælt af hans hálfu við munnlegan flutning málsins, að slíkar varnarástæður yrðu teknar til greina. Varnir stefnda eru ekki þess efnis, að þær verði hafðar uppi í vixilmáli, án samþykkis gagnaðilja, sbr. 208. gr. einkamálalaganna. Þar eð stefnandi hefur lagt fram sönnur þess, að hann hefur leyst til sín vixilinn með greiðslu hans, ber stefnda að greiða honum eftirstöðvar vixilsins, kr. 21 648.00, með vöxtum eins og krafizt er í stefnu. Því er ekki mótmælt, að stefnandi hafi greitt vixilhafa $\frac{1}{4}\%$ vixilfjárhæðarinnar í þóknun, er hann leysti til sín vixilinn. Ber því samkvæmt ákvæðum 1. sbr. 4. mgr. 49. gr. vixillaga nr. 93 frá 1933 að taka til greina kröfu hans um þóknun, er nemi $\frac{3}{4}\%$ vixilfjárhæðarinnar. Málskostnaður til handa stefnanda telst hæfilega metinn kr. 2000.00.

Í greinargerð hefur umboðsmaður stefnda, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., viðhaft eftirfarandi móðgandi ummæli um stefnanda: „Er

af þessu ljóst ... að stefnandi er óheimildarmaður að vixlinum. Er hér að sjálfsgöðu um stórlega vitavert og refsivert athæfi að ræða hjá stefnanda ...” Að kröfu stefnanda ber að ómerkja ummæli þessi og víta þau.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Framangreind ummæli skulu vera ómerkt og ber að víta þau.

Stefndi Guðmundur Guðmundsson greiði stefnanda Sigurði Helgasyni kr. 21 648.00 með 6% ársvöxtum frá 16. okt. 1945 til greiðsludags, $\frac{2}{3}$ % framangreindrar vixilfjárhæðar í þóknun og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. marz 1948.

Nr. 35/1947. **Jóhann Guðjónsson, Ragnar Pálsson, Magnús Snorrason, Magnús Baldvinsson, Þiðrik Baldvinsson, Þorkell Teitsson og Erlendur Jónsson**
(Hrl. Egill Sigurgeirsson)
gegn

Favoretta Walterina Kennard og Geir H. Zoëga (Hrl. Lárus Fjeldsted)

Skýring á samningi um afnot veiðiréttar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1947 og gert þessar kröfur.

I. Aðalkrafa:

1. Að framsal stefndu F. W. Kennard á réttindum sínum samkvæmt samningi dags. 4. ágúst 1937 til stefnda Geirs H. Zoëga með samningi dags. 17. ágúst og 7. okt. 1944 verði dæmt ógilt gagnvart áfrýjendum, aðallega frá upphafi, en til vara frá 1. janúar 1948, svo og að ákveðið verði, að réttur stefnda F. W. Kennard samkvæmt samningnum frá 4. ágúst 1937 sé niður fallinn.

2. Að dæmt verði, að ráðstöfun áfrýjanda samkvæmt 1. lið samningsins frá 4. ágúst 1937 á veiðiréttindum í Langá, tímabilið frá 1. janúar 1948 til 1. janúar 1958, sé ólögmat og skuldbindi ekki áfrýjendur.